



**Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009**

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn Iceland s: 464-4163 f. 464-4363, netf. [sveitarstjorn@myv.is](mailto:sveitarstjorn@myv.is)

## **Fundargerð Landbúnaðarnefnd 5. fundur**

Fundur haldinn í Landbúnaðarnefnd á skrifstofu Skútustaðahrepps, mánudaginn  
11. júní kl: 15:00.

Mættir: Birgir V. Hauksson, Halldór Árnason og Sólveig Hinriksdóttir.

### **1. Fundarsetning**

Formaður setti fund og skipaði Sólveigu sem fundarritara.

### **2. Áburðardreifing á Austurafrétt sumarið 2007**

Samkvæmt landbótaáætlun 2007-2010 skulu landnýtendur á Austurafrétti bera á 50 tonn af áburði ár hvert.

Landbúnaðarnefnd gerði drög að áætlun til næstu fjögurra ára. Ákveðið var að deila áburðinum niður á fé til fjallskila skv. gangnaseðli 2006. Þó þannig að þeir aðilar sem eiga fátt fé fari að jafnaði annað hvert ár en hinir á hverju ári. Áætlunin verður svo endurskoðuð á hverju ári. Sumarið 2006 var dreift 10 tonnum af áburði í Mellöndin, Gunnar Rúnar og Félagsbúið Vogum 3 gerðu það og er tekið tillit til þess við úthlutunina.

Skrifað bréf til landnýtenda og útbúin áætlun sem send verður öllum landnýtendum.

Fleira ekki gert og fundi slitið  
Birgir V. Hauksson  
Halldór Árnason  
Sólveig Hinriksdóttir